

Föstudaginn 22. júní 1934.

Nr. 23/1934. Magnús Jónsson

gegn

firmanu Nathan & Olsen.

Frávisun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi bað um frest til septembermánaðar næstkomandi til þess að undirbúa áfrýjun málsins. Umboðsmaður stefnda mótmælti öllum fresti, krafðist frávisunar málsins og ómaksbóta.

Áfrýjunarstefnan í máli þessu hefir verið gefin út 19. febr. þ. á., og var málið tekið fyrir í maímánuði og því þá frestað til júnímánaðar, en þar sem áfrýjandi hefir ekki enn lagt fram ágríp dómsgerða í málinu, verður frekari frestur eigi veittur gegn mótmælum stefnda, og verður því að vísa stefnunni frá hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði borgarstjóra Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 30 krónur í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.
